

Fundargerð 76. fundar Fræðslusjóðs
Mánudaginn 28. maí 2018 kl. 14:00 – 15:30
haldinn í Skipholti 50b. 3. hæð

Mætt: Guðrún Ragnarsdóttir, formaður, Halldór Grönvold, Garðar Hilmarsson, Björg Baldursdóttir, Fjóla Jónsdóttir, Svanhildur Kr. Sverrisdóttir, Ólafur Garðar Halldórsson í fjarveru Kristínar Þóru.

Frá FA: Sveinn Aðalsteinsson, Björn Garðarsson

Boðuð forföll: Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir, Margrét Sigurðardóttir, Kristín Þóra Harðardóttir, Ársæll Guðmundsson.

Gestur: Sólveig B. Gunnarsdóttir, formaður úthlutunarnefndar nýsköpunar- og þróunarverkefna Fræðslusjóðs

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar.

Afgreiðsla: Fundargerð samþykkt.

2. Úthlutun til nýsköpunar- og þróunarverkefna

Sólveig B. Gunnarsdóttir, formaður úthlutunarnefndar, fór yfir tillögur úthlutunarnefndar og forsendur tillagnanna – sjá fundargögn.

Afgreiðsla:

Tillaga úthlutunarnefndar samþykkt.

Úthlutun til Skerpu og IÐUNNAR: Skilyrt að ekki sé skörun milli verkefnanna.

Fram komu áhyggjur af hversu fáar umsóknir bárust og af lítilli nýsköpun í þeim.

3. Nýjar námskrár – til kynningar

Afgreiðsla: Kynnt

4. Önnur mál.

4.1 Þróunarverkefni um raunfærnimat á móti viðmiðum atvinnulífsins. ASÍ og SA, á grundvelli bókunnar í síðustu kjarasamningum, hafa rætt að undanfögnu um leiðir og aðferðir við raunfærnimat á móti viðmiðum atvinnulífsins. Þegar hefur verið unnið að hæfnigreiningum meðal verslunarfólks og í ferðapjónustunni. Enn vantar heildstætt kerfi sem tekur einnig til úrræða fyrir einstaklinginn til að ná því sem á vantar til að standast hæfniviðmið starfa.

Þegar hefur verið rætt við FA um að setja upp verkáætlun þar sem 3 -5 störf yrðu skoðuð og raunfærnimetin út frá núverandi hæfnigreiningum. Aðferðafræði og undirbúningur raunfærnimats yrðu greindar og framkvæmdar með einfaldari aðferðum en beitt er í dag. Niðurstöðuna væri hægt að yfirfæra á önnur störf.



Sveinn kynnti drög að slíku þróunarverkefni sem unnin hafa verið í samráði við stjórnarmenn ASÍ og SA. Drögin verða sett með fundargögnum fundarins á vinnusvæði stjórnar á vef FA.

Lögð fram tillaga fyrir stjórn þar sem sjóðurinn óskar eftir heimild MRN til að allt að 25 milljónir verði lagðar í þróun þessa verkefnis. Tillagan verður sett með fundargögnum fundarins á vinnusvæði stjórnar á vef FA.

Afgreiðsla: Stjórn samþykkti að formaður gengi frá endanlegu bréfi til MRN og fylgdi því eftir milli funda, eftir þörfum. Stjórninni verður sent eintak af bréfinu áður en það verður sent til MRN.

4.2. Fundir haustið 2018.

Afgreiðsla: Næsti fundur verður boðaður síðasta mánudag í ágúst og áfram þannig út haustið. Skipunartími stjórnar rennur út í haust og verða fundir ekki boðaðir lengra inn í haustið en sem því nemur.

Fundi slitið kl 15.30.

Gaumur Jagned.
Svanhildur K. Sveinisdóttir
Görður Hilmarsson
Ejla Jónsdóttir
Hallgrímur Arnarson